# 13
# 14

Ársskýrsla VR 2013 – 2014

Virðing
Réttlæti

**VR**
Umbrot/útlit: **Tómas Bolli Hafþórsson**
Prentun: **Oddi ehf.**
**2014**

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| **Félagið í hnotskurn** | **4** |
| **Ávarp formanns** | **6** |
| Stjórn VR starfsárið 2013 - 2014 | 6 |
| **Kjarasamningar 2014** | **7** |
| Undirbúningur kjarasamninga | 7 |
| Viðræður og undirritun | 7 |
| Samningarnir samþykktir hjá VR | 8 |
| Vinnan framundan | 8 |
| Efnahagsumhverfið | 8 |
| Helstu atriði kjarasamninga VR og Samtaka atvinnulífsins & Félags atvinnurekenda | 9 |
| Aðgerðir stjórnvalda | 9 |
| **Kjaramál** | **10** |
| Nýir kjarasamningar | 10 |
| Dómsmál og önnur mál | 10 |
| **Ráðgjöf** | **11** |
| STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf | 11 |
| VIRK starfsendurhæfingarsjóður | 11 |
| **Sjúkrasjóður** | **12** |
| Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði | 12 |
| Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2013 – 2014 | 12 |
| **Orlofsmál** | **13** |
| Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2013 | 13 |
| Miðhúsaskógur | 13 |
| Nýtt orlofshúsakerfi | 13 |
| Afsláttarmiðar og kort | 13 |
| Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2013 – 2014 | 13 |
| **Jafnréttismál** | **14** |
| Jafnlaunavottun VR | 14 |
| Kynjabókhald VR | 14 |
| **Ályktanir, fundir og önnur samskipti** | **15** |
| Ályktun stjórnar VR vegna kjarasamninga | 15 |
| Fundir starfsárið 2013 - 2014 | 15 |
| Nefndir | 15 |
| Erlend samskipti | 15 |
| **Önnur starfsemi** | **16** |
| VR varasjóður | 16 |
| Starfsemi þjónustudeildar | 16 |
| Fyrirtæki ársins 2013 | 16 |
| Launakönnun VR 2013 | 16 |
| Starfsmenntamál | 17 |
| Stjórnir starfsmenntamála starfsárið 2013 - 2014 | 17 |
| Fyrirlestrar og námskeið | 17 |
| Útgáfu- og kynningarmál | 17 |
| **Almennar upplýsingar** | **18** |
| Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa | 18 |
| Lagabreytingar | 18 |
| Félagatal | 18 |
| Félagsgjald | 19 |
| Félagsmál | 19 |
| Skipulag skrifstofu | 19 |
| Nýr framkvæmdastjóri | 19 |
| Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2014 | 20 |
| Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2013 | 21 |
| Trúnaðarráð | 21 |
| Trúnaðarmenn á vinnustöðum | 21 |
| **Ársreikningur 2013** | **22** |
| Áritanir | 22 |
| Rekstrarreikningur 2013 | 23 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2013 | 24 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013 | 26 |
| Rekstrarreikningur ársins 2013 | 27 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2013 | 28 |
| Skýringar | 29 |

# Félagið í hnotskurn

## Almenn starfsemi og þjónusta 2012 - 2013

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Fjöldi félagsmanna | 29.781 | 29.474 |
| Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn | 1.417 | 1.472 |
| Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsm. | 4.907 | 4.730 |
| Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna | 13.753 | 13.086 |
| Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði | 1.118 | 1.151 |
| Atvinnuleitendur, einstaklingsviðtöl hjá ráðgj. STARFs | 745 | 147* |
| Fjöldi nýrra einstaklinga sem fékk þjónustu hjá VIRK | 244 | 189 |
| Nýting orlofshúsa og tjaldvagna, fjöldi útleiga | 3.553 | 3.019 |

*Miðað er við ágúst - desember árið 2012.

## Fjöldi félagsmanna




## Lykiltölur VR 2013

| | |
|---|---|
| Félagsgjöld | 835.884.058 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 1.173.791.916 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 285.831.573 |
| Leiga orlofshúsa | 107.245.168 |
| Aðrar tekjur | 149.576.454 |
| **Samtals tekjur** | **2.552.329.169** |
| Bætur og styrkir | 786.563.012 |
| Greiðsla úr varasjóði | 483.712.390 |
| Rekstrargjöld | 1.174.624.733 |
| **Samtals gjöld, bætur og styrkir** | **2.444.900.135** |
| Fjármagnsliðir | 378.941.930 |
| **Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar** | **486.370.964** |

## Komur á skrifstofu VR í Reykjavík 2008 - 2013




## Styrkir úr VR varasjóði 2013, fjöldi félagsmanna




## Atvinnuleysi félagsmanna 2010 - 2013



# Félagið í hnotskurn

## Heildarfjöldi kjaramála á ári 2000 - 2013




## VIRK - fjöldi VR félaga 2010 - 2013




## Heimsóknir á heimasíðu VR




## Fjöldi símtala til þjónustuvers á mánuði 2013




## Kynjabókhald VR 2013




## Viðhorf til VR




Spurt er: Hversu jákvæður eða neikvæður ertu gagnvart VR, félagsmenn eingöngu.

# Ávarp formanns

Viðburðarríkt starfsár stjórnar VR er að baki þar sem bar hæst undirritun og samþykkt nýs kjarasamnings við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda sem varða á leiðina að nýrri sátt á vinnumarkaði. Kjarasamningurinn er svokallaður aðfarasamningur. Auk launabreytinga gefur hann aðilum tólf mánuði til að undirbúa gerð langtímasamnings sem hafi að markmiði efnahagslegan stöðugleika og kaupmáttaraukningu til framtíðar. Vinna við undirbúning slíks langtímasamnings átti að hefjast strax í byrjun þessa árs. En nokkur stéttarfélög samþykktu ekki samninginn og hófust viðræður að nýju hjá þeim aðilum í byrjun árs. Niðurstaðan varð sú að samningurinn var lengdur um tvo mánuði auk þess sem að orlofs-og desemberuppbætur hækkuðu. Viðræður um nýjan kjarasamning hefjast 1 apríl nk.

Samningurinn felur í sér sérstaka viðræðuáætlun sem unnið verður eftir með tímasettum markmiðum um framvindu. Markmiðið með nýjum kjarasamningi var að auka kaupmátt, hækka lægstu laun umfram önnur laun, tryggja lága verðbólgu og undirbyggja stöðugleika. Samningurinn er mikilvægt skref í þessari stefnumótun.

Meginmarkmið VR er að standa að baki félagsmönnum sínum, berjast fyrir réttindum þeirra og bættum kjörum. Á nýliðnu starfsári lagði stjórn áherslu á að efla það hlutverk - VR stendur styrkum fótum og hefur alla burði til þess. Samskipti félags og félagsmanna eru meiri en marga grunar, til okkar bárust nær 70 þúsund símtöl á síðasta ári og 27 þúsund heimsóknir. Þá á eftir að nefna heimsóknir á vefinn, ráðgjöf sérfræðinga, útleigur orlofshúsa, tölvupósta, VR blaðið og fleira. Þessi samskipti viljum við auka og munum á næstu árum leita leiða til þess.

Kjaramálin eru þungamiðja starfsemi VR og kjarasamningurinn liggur til grundvallar allri þjónustu og starfsemi félagsins. Með skipulagsbreytingum um mitt ár 2013 fengu kjaramálin á nýjan leik þann sess í skipuriti félagsins sem þeim ber. Nú er starfsemi VR skipt í fjögur svið, rekstrar- og fjármálasvið, þjónustu- og mannauðssvið, þróunarsvið og hið nýja kjaramálasvið. Á næstu árum leggjum við áfram höfuðáherslu á kjarasamningana og þjónustu á því sviði.

Starfsmenntamálin voru einnig í brennidepli á síðasta ári og setti stjórn VR á laggirnar starfsmenntanefnd með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna. Starfsmenntamál eru okkur mikilvæg og verða eitt áhersluatriða félagsins í næstu kjarasamningum, einkum menntun starfsmanna í verslun og þjónustu. Markmið okkar er einfalt: við viljum hefja störf í verslun og þjónustu til vegs og virðingar og gera þau að eftirsóknarverðum valkosti.

Jafnrétti á vinnumarkaði bar einnig hátt á nýliðnu starfsári en um þessar mundir er ár liðið frá því fyrstu fyrirtækin fengu Jafnlaunavottun VR til staðfestingar á því að þau greiða konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Með Jafnlaunavottun VR tók félagið enn á ný forystu í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og er það von mín að það megi verða til þess að hvetja fleiri til góðra verka.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

## Stjórn VR starfsárið 2013 - 2014

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Sigurður Sigfússon ritari

Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson og Rannveig Sigurðardóttir.

**Varamenn:** Benedikt Vilhjálmsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Óskar Kristjánsson.



Efri röð frá vinstri; Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson. Neðri röð frá vinstri; Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon ritari, Ólafía B. Rafnsdóttir formaður, Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður og Ásta Rut Jónasdóttir. Á myndina vantar Kristjónu Þorbjörgu Jónsdóttur og Óskar Kristjánsson.

# Kjarasamningar 2014

Undir lok  desember 2013 var skrifað undir nýjan kjarasamning milli aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands, sem VR er aðili að, og Samtaka atvinnulífsins. Skrifað var undir sambærilegan samning við Félag atvinnurekenda skömmu síðar.

## Undirbúningur kjarasamninga

Undirbúningur fyrir kjarasamninga stóð stærstan hluta árs 2013 og áttu trúnaðarráð félagsins og félagsmenn stóran þátt í honum. Sett var á laggirnar sérstök kjaranefnd fulltrúa stjórnar og sérfræðinga félagsins auk þess sem gerðar voru tvær kannanir meðal félagsmanna um áherslur og kröfur, sú fyrri var gerð um mitt ár 2013 en sú síðari í september það ár. Niðurstöður beggja kannanna voru skýrar, félagsmenn vildu leggja mesta áherslu á að tryggja kaupmátt og stöðugleika í efnahagslífinu. Sjá ítarlega umfjöllun um niðurstöðurnar á vef VR, www.vr.is.

## Kröfugerð VR

Trúnaðarráð VR fundaði fimm sinnum á árinu 2013 vegna kjarasamninganna. Í lok september var kröfugerð félagsins kynnt á fundi trúnaðarráðs og samþykkt. Kröfugerðin var lögð fram af hálfu VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) og er birt í heild sinni á heimasíðu félagsins. Um áherslur og lengd samningstíma segir í kröfugerðinni:

- **Almennar áherslur og markmið:** VR og LÍV leggja mikla áherslu á við gerð nýs kjarasamnings að skapaður verði grunnur að efnahagslegum stöðugleika og unnið verði markvisst að því að auka kaupmátt launafólks.
- **Lengd samningstíma:** Það er afstaða VR og LÍV að heppilegra sé að semja til lengri tíma en það eykur líkur á árangri í baráttunni fyrir stöðugleika og auknum kaupmætti á vinnumarkaði. En þar sem óvissa ríkir í þróun efnahagsmála og hvað aðgerðir stjórnvalda í ríkisfjármálum varðar telja félögin rétt að skoða möguleika á stuttum kjarasamningi.
- **Starfsmenntamál:** Aukin menntun og fræðsla eru grunnurinn að styrkari stöðu verslunar- og þjónustufólks og því vilja VR og LÍV leggja áherslu á starfsmenntamál í kjarasamningaviðræðum með það að markmiði að starfsmenntun sem í boði er sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og metin til launa.

## Viðræður og undirritun

Viðræðuáætlanir vegna kjarasamninga VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra hins vegar voru undirritaðar þann 19. september 2013. Formlegar viðræður hófust við Samtök atvinnulífsins 8. október 2013 og við Félag atvinnurekenda 17. október 2013.

Í fyrstu viku desember sleit ASÍ viðræðum við Samtök atvinnulífsins vegna ágreinings um launalið samningsins. Í kjölfarið fundaði VR með Samtökum atvinnulífsins en of mikið bar í milli að mati forsvarsmanna VR og vísaði félagið því deilunni til ríkissáttasemjara. Skriður komst hins vegar á viðræður fljótlega eftir það og náðu aðilar saman undir lok mánaðar. Þann 21. desember 2013 voru drög að aðfarasamningi samþykkt á fundi trúnaðarráðs VR og var þann sama dag skrifað undir samning milli aðildarsamtaka og –félaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Daginn eftir, þann 22. desember, skrifaði VR undir sambærilegan samning við Félag atvinnurekenda.

## Undirbúningur kjarasamninga 2013 - 2014



# Kjarasamningar 2014

## Samningarnir samþykktir hjá VR

Kjarasamningarnir voru kynntir á vef félagsins auk þess sem haldnir voru fjórir fundir á félagasvæði VR þar sem samningarnir voru kynntir fyrir félagsmönnum. Stjórn VR sendi frá sér ályktun þann 8. janúar 2014 þar sem félagsmenn voru hvattir til að samþykkja samningana. Allsherjaratkvæðagreiðsla um samningana fór fram dagana 15. – 20. janúar 2014. Niðurstöður voru sem hér segir:

- Kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins var samþykktur með 55,26% atkvæða. Á kjörskrá voru 24.622 en atkvæði greiddu 3.353 eða 13,62%. Já sögðu 1.853 eða 55,26%, nei sögðu 1.422 eða 42,41% en 78 eða 2,33% tóku ekki afstöðu eða skiluðu auðu.
- Kjarasamningur VR og Félags atvinnurekenda var samþykktur með 59,09% atkvæða. Á kjörskrá voru 930 en atkvæði greiddu 176 eða 18,92%. Já sögðu 104 eða 59,09%, nei sögðu 68 eða 38,64% en 4 eða 2,27% tóku ekki afstöðu eða skiluðu auðu.

Um það bil helmingur aðildarfélaga ASÍ á almennum vinnumarkaði felldi hins vegar samningana og var staðan á vinnumarkaði því nokkuð nokkuð snúin í upphafi árs 2014 sem torveldaði framgang kjarasamninga hjá þeim félögum sem samþykktu þá. Eftir nokkrar samningaumleitanir milli atvinnurekenda og þeirra félaga sem felldu kjarasamningana náðist samkomulag í febrúar sem fól í sér hækkun á orlofs- og desemberuppbótum gegn framlengingu samningstímans um 2 mánuði eða til loka febrúar 2015. Þetta hefur nú verið samþykkt í flestum félögum. Þessar breytingar taka til samninga VR við viðsemjendur þeirra, skv. samningum sem undirritaðir voru í mars 2014 og eru samningar VR því til mánaðamóta febrúar / mars 2015.

## Vinnan framundan

Nýgerðir kjarasamningar snerust nær einungis um kauplið, öðrum kröfum stéttarfélaganna var frestað fram til næstu samninga sem og sameiginlegum kröfum á borði ASÍ. Árið 2014 mun því helgast af undirbúningi næstu kjarasamninga og verður megináhersla lögð á umræður um sérkröfur félaganna sem og þær sem eru á hinu sameiginlega borði heildarsamtaka launafólks.

Kröfugerð VR tekur til launaliðar, vinnutíma, atvinnuöryggis, trygginga, veikindaréttar, starfsmenntamála og jafnréttismála svo fátt eitt sé nefnt. Hvað launaþáttinn varðar verður áhersla lögð á ferðaþjónustu en mikill uppgangur hefur verið í þeirri grein undanfarið. Gera þarf átak hvað launaþátt starfsmanna í greininni varðar og verður það eitt af verkefnum félagsins við gerð næstu kjarasamninga. Þá verður lögð áhersla á öryggi og aðbúnað verslunarfólks en sá þáttur er til umfjöllunar í nefnd aðila vinnumarkaðarins. Vinna nefndarinnar er langt komin en markmið hennar er að bæta aðstöðu starfsmanna í verslun. Þá eru nokkur ákvæði í slysa- og veikindakafli kjarasaminga félagsins til endurskoðunar, m.a. útvíkkun á veikindarétti vegna barna. Starfsmenntamál eru mjög ofarlega á áherslulista félagsins í næstu kjarasamningum, m.a. hvað varðar raunfærnimat og aukin tækifæri fyrir starfsfólk með stutta formlega menntun. Kröfugerð félagsins er birt í heild sinni á vef VR, www.vr.is.

## Efnahagsumhverfið

Í samningunum sem undirritaðir voru í desember 2013 var áhersla lögð á að ná víðtækri samstöðu um að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Settur var á laggirnar samstarfsvettvangur milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda þar sem unnið verður að því að ná fram markmiðum kjarasamninga. Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

Í samningnum segir að forsenda þess að unnt sé að gera langtímasamning sé að mótuð hafi verið ný peningamálastefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Mikilvægt sé að verðbólgumarkmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014, hjöðnun verðbólgu krefjist samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum. Í febrúar 2014 birti Hagstofan tölur yfir þróun vísitölu neysluverð og mældist ársvísitala þá 2,1% og hafði ekki verið lægri frá því í upphafi árs 2011.



# Kjarasamningar 2014

## Helstu atriði kjarasamninga VR og Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda

### Kaupliðir

- **Almenn hækkun:** Laun hækka um 2,8% frá 1. janúar 2014, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.
- **Sérstök hækkun lægstu launa:** Launataxtar undir kr. 230.000 á mánuði hækka sérstaklega um kr. 1.750 og hækka launataxtar undir kr. 230 þúsund á mánuðu því um kr. 9.750.
- **Lágmarkstekjur:** Lágmarkstekjur fyrir fullt starf eru kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki.
- **Uppbætur:** Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600. Orlofsuppbót (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

### Önnur atriði

- **Veikindi og slys í orlofi:** Réttindi félagsmanna vegna veikinda og slysa erlendis eru samræmd þeim réttindum sem gilda um veikindi og slys innanlands.
- **Skrifleg staðfesting ráðningar:** Á samningstímanum verður unnið að kynningu á skyldum atvinnurekenda og réttindum launafólks til skriflegrar staðfestingar ráðningar.
- **Réttur til skaðabóta vegna ráðningarsamninga:** Nýtt ákvæði er í samningnum þar sem segir að brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum um ráðningarsamninga geti það varðað hann skaðabótum.
- **Starfsmenntamál:** Ráðist verður í úttekt á fyrirkomulagi starfsmenntamála m.a. með það að markmiði að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði.

  Framlag til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hækkar um 0,1% frá 1. janúar 2015.
- **Gildistími:** Allir kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 28. febrúar 2015, þ.m.t sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga, að frátöldum þeim breytingum sem greint er frá hér að ofan.

## Aðgerðir stjórnvalda

Til að greiða fyrir gerð kjarasamninganna lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún væri reiðubúin að veita skuldbindandi fyrirheit um tilteknar ráðstafanir, þessar helstar:

- Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256.000 kr. í 290.000 kr. og skatthlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8% í 25,3%. Þá lýsir ríkisstjórnin því yfir að hún muni beita sér fyrir heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu með einföldun, fækkun skattþrepa og lækkun jarðarskatta að markmiði.
- Næstu tvö ár verði gjaldskrárhækkanir undir verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands.
- Við samþykkt kjarasamninga mun ríkisstjórnin endurskoða til lækkunar vissar breytingar á gjöldum sem samþykktar voru í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2014 til að stuðla að því að verðlagsáhrif sem af þeim leiði verði minni en ella og innan verðbólgumarkmiða Seðlabankans.
- Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrirtæki og stofnanir í ríkiseigu gæti ítrasta aðhalds við gjaldskrárbreytingar.
- Komið verður á fastanefnd um samskipti hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins.

Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar má lesa í heild á heimasíðu VR, **www.vr.is**.



# Kjaramál

Mál sem komu til vinnslu hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2013 voru 1.417, samanborið við 1.472 mál árið 2012. Fækkun er því á milli ára sem nemur 55 málum. Fjöldi mála á árunum 2011 – 2013 var mjög svipaður en þau voru umtalsvert fleiri um og strax eftir hrun, árið 2008 náði málafjöldi sögulegu hámarki en þá komu inn á borð kjaramálasérfræðinga VR alls 1.680 ný mál. Á myndinni má sjá þróun mála eftir mánuðum, annars vegar fjöldi nýrra mála í hverjum mánuði og hins vegar fjöldi opinna mála í lok hvers mánaðar.

## Fjöldi kjaramála 2008 - 2013




VR ásamt öðrum stéttarfélögum innan ASÍ og Ríkisskattstjóra hefur undanfarin ár staðið fyrir átaki gegn svartri atvinnustarfsemi sem m.a. beinist að fyrirtækjum í ferðaþjónustu auk veitinga- og gistihúsum. Fyrirtæki voru heimsótt og kannað hvort starfsmenn hefðu tilskilin vinnustaðaskilríki og hvort fyrirtæki væru í skilum með opinber gjöld. Átak þetta hefur gefist vel og er það von okkar að þetta verkefni geti haldið áfram. Þá má nefna að á árinu 2013 var lögð áhersla á öryggismál í verslunum, sérstaklega starfsmanna sem vinna á kvöldin og nóttinni, sbr. bókun í kjarasamningi frá 2011.

Félagsmenn VR hjá byggingafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leituðu til félagsins þar sem fyrirtækið gerði kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra launa starfsmannanna. Eftir samningaumleitanir féll fyrirtækið frá kröfunni.

## Nýir kjarasamningar

Umtalsverður tími fór í að undirbúa kjarasamninga á árinu 2013 sem voru lausir 30. nóvember það ár. Nýir samningar voru undirritaðir í lok desember og samþykktir í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VR í janúar 2014. Nær helmingur stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði felldi hins vegar samningana í kosningunum en í febrúar náðist samkomulag sem nú hefur verið samþykkt meðal félagsmanna þeirra stéttarfélaga. Sambærilegt samkomulag nær til VR - sjá umfjöllun á bls. 7 - 9.

## Dómsmál og önnur mál

Á hverju ári fer alltaf nokkur fjöldi mála sem varða hagsmuni félagsmanna fyrir dómstóla. Sigur vannst í héraði og Hæstarétti í máli sem sneri að því hvort launþegi hefði einhliða slitið ráðningarsambandi og þar með fyrirgert rétti sínum til launa eða að hann hefði farið í launalaust leyfi. Niðurstaðan var sú að launþeginn taldist hafa fært nægar sönnur á að samið hefði verið um launalaust leyfi og þar með myndaðist réttur til launa í uppsagnarfresti. Í öðru máli í Hæstarétti var deilt um úttektir launþega og hvort heimilt hefði verið að segja upp ráðningarsamningi fyrirvaralaust vegna þeirra. Niðurstaðan var sú að launþeginn taldist með háttsemi sinni hafa brotið gegn ráðningarsamningi með þeim hætti að heimilt væri að segja honum upp fyrirvaralaust og án greiðslu launa í uppsagnarfresti. Málið tapaðist á báðum dómstigum.

Af öðrum málum má nefna niðurstöðu í héraðsdómi þar sem deilt var um hvort vinnuveitandi gæti vikið félagsmannu frá vinnu fyrirvaralaust og án launa í uppsagnarfresti. Félagsmaðurinn hafði ekki mætt til vinnu annarsvegar í nóvember 2011 og hinsvegar í maí 2012. Hann tilkynnti veikindi um hádegið í fyrra skiptið og lét ekki heyra frá sér síðari daginn. Deilt var um hvort hann hefði vanefnt ráðningarsamning með þeim hætti að réttlætanlegt væri að segja honum upp fyrirvaralaust og án bóta. Niðurstaða dómsins var að félagsmanninum hefði ekki verið veitt viðhlítandi aðvörun eða áminning að viðlögðum starfsmissi vegna ætlaðra brota hans á starfsskyldum. Sigur vannst því í málinu.

Þá hafnaði Sýslumaðurinn í Reykjavík kröfu fyrirtækis um lögbann á störf félagsmanns VR vorið 2014. Félagsmaðurinn hafði hætt störfum hjá fyrirtækinu og ráðið sig hjá öðru fyrirtæki í sambærilegum rekstri. Í ráðningarsamningi hans hjá fyrri vinnuveitanda var ákvæði um að hann mætti ekki vinna hjá samkeppnisaðila í 9 mánuði eftir að hann léti af störfum. Að mati sýslumanns var ekki sýnt fram á að starf og staða félagsmannsins hjá fyrirtækinu hafi verið með þeim hætti að réttlætti beitingu lögbannsúrræðis.

## STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf

Um mitt ár 2012 tók VR við þjónustu við atvinnulausa félagsmenn sem áður var á hendi Vinnumálastofnunar en um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára. Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. (STARF) var sett á laggirnar til að annast framkvæmd verkefnisins, um 75% af heildarumfangi þess er sinnt á vegum VR. Markmið verkefnisins er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að atvinnuleitendur fái störf að nýju.

### Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR 2013




### Vinnumiðlun og ráðgjöf STARFs hjá VR

Atvinnuleitendum í VR stendur til boða persónuleg og einstaklingsmiðuð þjónusta og fjölbreytt náms- og starfstengd úrræði sem nýtast þeim markvisst í atvinnuleit. Árið 2013 komu 745 atvinnuleitendur í markmiða- og greiningarviðtöl til atvinnuráðgjafa. Af þeim tóku 279 einstaklingar þátt í úrræðinu Liðsstyrkur, átaki aðila vinnumarkaðarins, ríkis og sveitarfélag, 146 fengu ráðningu í kjölfarið.

Þá voru haldnir 27 kynningarfundir, 1228 voru boðaðir en 987 mættu. Einnig voru haldnir 22 starfsleitarfundir, 865 voru boðaðir og mættu 734 á fundina. Þeir sem mæta ekki á þessa fundi eru teknir af atvinnuleysisskrá en skráðir að nýju skili þeir inn gildum skýringum á fjarveru innan 7 virkra daga. 784 félagsmenn voru bókaðir á námskeiðið Starfsleitarstofu, 643 luku því. Námskeiðið er skipulagt og hannað af VR í samstarfi við Mími símenntun og er atvinnuleitendum skylt að mæta.

561 einstaklingur var skráður á önnur námskeið, m.a. sérstök námskeið til að mæta þörfum þeirra sem að hafa verið lengi án atvinnu. Þá voru á árinu gerðir 272 námssamningar við atvinnuleitendur en námssamningar gera þeim kleift að stunda nám á framhalds- eða háskólastigi samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta og auðvelda þeim aðgengi að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá fengu 183 atvinnuleitendur samþykkta námsstyrki.

25 einstaklingar luku samningi um Atvinnutengda endurhæfingu í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingasjóð. Jafnframt luku 26 einstaklingar þátttöku í úrræðinu Eigið frumkvöðlastarf í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. 101 einstakilngur var ráðinn í vinnumarkaðsúrræði, þ.e. á starfsþjálfunar- og reynsluráðningarsamninga og starfsorkusamninga.

## VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Virk starfsendurhæfingarsjóður byggir á samkomulagi í kjarasamningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar. Í dag starfa 7 ráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skammtímafjarvistir vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og aðstoð fjölda úrræða á borð við starfsendurhæfingarstöðvar, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið og heilsurækt með faglegum stuðningi. Þeir starfa í samstarfi við meðhöndlandi lækni, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum.

Á árinu 2013 voru 244 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 130 einstaklingar útskrifuðust. Frá árinu 2009 til loka árs 2013 sóttu 813 einstaklingar til ráðgjafa VIRK hjá VR og nær fjögur hundruð hafa útskrifast. Á grafinu má sjá að rúmlega sjö af hverjum tíu hafa öðlast starfsgetu og eru færir um að snúa aftur á vinnumarkað eftir að hafa sótt aðstoð og þjónustu VIRK hjá VR.

### Framfærslustaða einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK



# Sjúkrasjóður

## Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2013 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Sjúkra- og slysadagpeningar samtals** | **828** | **718.310.680** |
| (2012, samtals fjöldi 800, kr. 637.694.960) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Dánarbætur samtals** | **78** | **26.713.266** |
| (2012, fjöldi bótaþega 85, kr. 47.181.952) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Örorkubætur samtals** | **14** | **18.434.633** |
| (2012, fjöldi bótaþega 16, kr. 12.439.672) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Aðrir styrkir til sjóðfélaga** | **237** | **22.087.828** |
| (þ.m.t. sértækir styrkir til tekjulægri félagsmanna) | | |
| (2012, fjöldi styrkþega 299, kr. 24.864.425) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Bætur og styrkir til félagsmanna 2013 samtals *** | **1.118** | **785.546.407** |
| (2012, fjöldi bóta- og styrkþega 1.151, kr. 722.181.009) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---|---|
| **Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga 2013** | | **14.433.083** |
| (2012, kr. 14.715.924) | | |

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2013 – 2014

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir formaður, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Ólafía Ása Jóhannesdóttir og Rannveig Sigurðardóttir.

**Varamenn:** Ásta Rut Jónasdóttir og Páll Örn Líndal.

# Orlofsmál

Á árinu 2013 voru 39 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna, 24 orlofshús og 1 hótelherbergi. Útleigur ársins 2013 voru 3.553 samanborið við 3.019 árið 2012. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

## Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2013

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar | Nýting – vetur* |
|---|---|---|---|
| Akureyri (7) | 1.815 | 91% | 65% |
| Einarsstaðir (8)** | 678 | 81% | - |
| Flúðir (3) | 680 | 89% | 45% |
| Húsafell (3) | 664 | 92% | 50% |
| Miðhúsaskógur (20) | 3.729 | 88% | 39% |
| Sóltún, Reykjavík (2) | 468 | 79% | 60% |
| Vestmannaeyjar | 187 | 88% | 39% |
| Ölfusborgir** | 447 | 90% | - |

Félagið tók á leigu eftirtalin orlofshús, herbergi og tjaldvagna sumarið 2013 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar | Nýting - vetur |
|---|---|---|---|
| Blönduós (2) | 161 | 88% | - |
| Bolungarvík | 77 | 84% | - |
| Danmörk | 98 | 100% | - |
| Dýrafjörður | 70 | 76% | - |
| Grímsnes (2) | 175 | 95% | - |
| Hrísey | 76 | 83% | - |
| Hróarslækur | 81 | 88% | - |
| Illugastaðir | 88 | 96% | - |
| Ólafsfjörður | 84 | 91% | - |
| Ólafsvík | 70 | 76% | - |
| Reykjavík Natura*** | 279 | 41% | 88% |
| Siglufjörður | 70 | 76% | - |
| Stykkishólmur, raðhús (3) | 615 | 91% | 45% |
| Súðavík | 70 | 76% | - |
| Tjaldvagnar (25) | 1164 | - | - |
| Vaðlaheiði | 53 | 76% | - |
| **Samtals gistinætur** | **11.899** | | |

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga. ** Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna haust, vetur og vor.
*** Samningur er um eitt hótelherbergi á Reykjavík Natura, bókað er í önnur herbergi ef þörf er á og þau eru laus.

## Miðhúsaskógur

Hafin er bygging á fimm smáhýsum í Miðhúsaskógi og er fyrirhugað að taka þau í notkun sumarið 2014. Húsin eru minni en önnur orlofshús í Miðhúsaskógi, 37fm að stærð.

Um 200 fjölskyldur dvöldu á tjaldsvæðinu í Miðhúsaskógi sumarið 2013. Á tjaldsvæðinu er aðstaða fyrir allt að 50 vagna og tjöld, þjónustuhús með grillaðstöðu, salernisaðstöðu, sturtum og þvottavél til afnota fyrir gesti.

## Nýtt orlofshúsakerfi

Sumarið 2013 var nýtt orlofshúsakerfi tekið í notkun hjá VR. Kerfið heitir Frímann og er í notkun hjá fjölda stéttarfélaga. Aðgangur að bókun orlofshúsa er í gegnum Mínar síður á www.vr.is.

## Afsláttarmiðar og kort

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og WOW air, í formi afsláttarmiða. Alls voru seldir um 1.900 afsláttarmiðar á árinu 2013. Tæplega 1.300 félagsmenn keyptu veiði- og útilegukort árið 2013.

## Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2013 – 2014

Sigurður Sigfússon formaður, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson og Ragnar Þór Ingólfsson.
**Varamenn:** Bjarni Þór Sigurðsson og Óskar Kristjánsson.

# Jafnréttismál

Kynbundinn launamunur er ein helsta birtingarmynd ójafnrar stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og hefur VR lagt mikla áherslu á að berjast gegn honum. Nokkur árangur hefur náðst í þeirri baráttu, eins og sjá má á línuritinu hér að neðan. Línuritið sýnir mun á launum kynjanna samkvæmt niðurstöðum árlegra launakannanna félagsins (munur á heildarlaunum annars vegar og kynbundinn launamunur hins vegar) en einnig mun á launum m.v. greidd félagsgjöld.

## Launamunur kynjanna hjá VR*




*Launakönnun var ekki gerð árið 2002.

## Jafnlaunavottun VR

Jafnlaunavottun VR var hrint úr vör í febrúar árið 2013 og fengu fyrstu fyrirtækin afhenta vottun í apríl það ár. Í lok febrúar 2014 höfðu 19 fyrirtæki og stofnanir fengið vottun. Þessi fyrirtæki eru (í þeirri röð sem vottunin var afhent);

IKEA, ISS Ísland, Íslenska gámafélagið, Parlogis, Johan Rönning, Landmælingar Íslands, Deloitte, KPMG, Logos, Ölgerðin, Securitas, Kynnisferðir - Reykjavík Excursions, Hýsing Vöruhótel, Byggðastofnun, Endurvinnslan, 1912, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Neyðarlínan og Vörður.

Markmið Jafnlaunavottunar VR er að eyða kynbundnum launamun með því að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf. Vottun VR byggir á staðli Staðlaráðs Íslands, ÍST 85 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar, sem kom út í desember 2012. Forsendur þess að fyrirtæki eða stofnanir innleiði staðalinn eru meðal annars að fyrir liggi mótuð launastefna, að launaviðmið hafi verið ákveðin og að störf séu flokkuð samkvæmt kerfi Íslenskrar starfagreiningar, ÍSTARF 95.

Með Jafnlaunavottun VR eru viðmiðin sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að fá vottun skýrð og samræmd samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði. Jafnlaunavottun VR var unnin í samstarfi við BSI á Íslandi, skrifstofu British Standards Institution sem hefur áralanga reynslu af vottun.

## Kynjabókhald VR

Á skrifstofu VR störfuðu 56 starfsmenn í byrjun mars 2013, 38 konur og 18 karlar.

Hér að neðan má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhaldi VR starfsár stjórnar 2013 - 2014, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við.



# Ályktanir, fundir og önnur samskipti

## Ályktun stjórnar VR vegna kjarasamninga

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 8. janúar 2014 svohljóðandi ályktun: „Stjórn VR hvetur félagsmenn sína til að samþykkja nýgerðan kjarasamning. Jafnframt harmar stjórn VR fyrirhugaðar gjaldskrár- og verðhækkanir og hvetur samningsaðila til að koma af heilum hug að þessu samkomulagi og draga hækkanir til baka."

## Fundir starfsárið 2013 - 2014

**Stjórn VR** fundaði 19 sinnum á starfsárinu.

**Trúnaðarráð** fundaði 7 sinnum á starfsárinu, þar af fimm sinnum sérstaklega vegna endurskoðunar kjarasamninga, nánar á bls. 7 - 9.

**Fimm félagsfundir** voru haldnir á starfsárinu, fjórir í janúar 2014 til að kynna kjarasamninga sem undirritaðir voru í desember 2013. Þá var félagsfundur haldinn í febrúar 2014 þar sem frambjóðendur til stjórnar kjörtímabilið 2014 – 2016 kynntu áherslur sinar.

**Uppstillinganefnd** fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu. Hlutverk Uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingar nefndarinnar. Auglýst var þann 23. janúar 2014 og bárust 42 framboð. Uppstillinganefnd bauð fram lista stjórnar og trúnaðarráðs, í samræmi við auglýsingu kjörstjórnar VR sem birt var þann 30. janúar 2014. Ekkert annað listaframboð barst og var listinn því réttkjörinn í trúnaðarráð VR kjörtímabilið 2014 – 2016.

**Úrskurðarnefnd VR** hélt 18 fundi á árinu 2013 og kvað upp 40 úrskurði í málum félagsmanna. Verkefni úrskurðarnefndar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitshlutverki.

## Nefndir

Haustið 2013 setti stjórn VR á laggirnar **starfsmenntanefnd** en markmið hennar er að efla framgang starsfmenntunar félagsmanna. Sjá nánar á bls. 17.

Í apríl 2013 skipaði stjórn VR **húsnæðisnefnd** en hún á að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna. Nefndin á að kanna hvort VR eigi að beita sér fyrir eða koma að uppbyggingu og þróun almenns leigumarkaðar á Íslandi. Í nefndinni kjörtímabilið 2013 – 2014 sátu stjórnarmennirnir Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður nefndarinnar, Ragnar Þór Ingólfsson, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Benóný Valur Jakobsson og Helga Ingólfsdóttir til vara.

**Í launanefnd** VR sitja Birgir Már Guðmundsson sem er formaður nefndarinnar, Sigurður Sigfússon og Ásta Rut Jónasdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra.

## Erlend samskipti

**Höfuðborgarráðstefnan 2013** var haldin í Helsinki í júní og sóttu hana þrír fulltrúar VR. Helsta umfjöllunarefni að þessu sinni snerti stöðu verslunar og þjónustu í löndunum, þ.m.t. opnunartímar verslana og hlutastörf. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna. Ráðstefnan 2014 verður haldin í Svíþjóð.

Umsjónarmenn starfsmenntamála og formaður starfsmenntanefndar kynntu sér í febrúar 2014 fyrirkomulag þeirra mála hjá systursamtökum VR í Danmörku, HK, sérstaklega starfsmenntamál yngri félagsmanna.

# Önnur starfsemi

## VR varasjóður

Á aðalfundi þann 17. apríl 2013 var samþykkt tillaga um 480 milljóna króna framlag í VR varasjóð fyrir árið 2012 auk viðbótarframlags að upphæð 10,6 milljónir króna vegna ársins 2011. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2013 námu alls kr. 483.712.490 og fengu 13.753 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða kr. 210.537.665 Árið 2012 námu greiðslur alls kr. 452.207.653 og fengu 13.086 einstaklingar greitt úr sjóðnum á árinu. Hér að neðan má sjá skiptingu greiðslna úr sjóðnum árið 2013.

### Greiðslur úr VR varasjóði 2013




## Starfsemi þjónustudeildar

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á árinu 2013 sneru að varasjóði eins og verið hefur undanfarin ár eða um þriðjungur. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2013 var 26.745 sem er rúmlega þrjú þúsund fleiri en árið 2012. Heildarfjöldi símtala til félagsins var 67.897 eða tæplega 5.700 símtöl á mánuði. Þetta er 6% aukning frá árinu áður þegar heildarfjöldi símtala var 64.169. Þá bárust um 10 þúsund fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is sem er svipað og árið áður. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins á Akranesi, Egilsstöðum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum.

### Fyrirspurnir til þjónustuvers VR 2013




## Fyrirtæki ársins 2013

**Jóhann Rönning**, **Miracle** og **Vinnuföt** eru Fyrirtæki ársins 2013 samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar meðal félagsmanna VR og fjölda annarra starfsmanna á vinnumarkaði. Veittar eru viðurkenningar í þremur stærðarflokkum í könnun VR, Rönning vann í hópi fyrirtækja með 50 eða fleiri starfsmenn, Miracle í hópi fyrirtækja með 20 – 49 starfsmenn og Vinnuföt í hópi fyrirtækja með færri en 20 starfsmenn. Tíu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki 2013. VR hefur staðið fyrir könnun meðal félagsmanna sinna í rúmlega fimmtán ár þar sem m.a. er spurt um starfsaðstæður þeirra og líðan, viðhorf til stjórnenda fyrirtækisins og samskipti á vinnustað.

## Launakönnun 2013

Heildarlaun félagsmanna í VR hækkuðu um tæplega 7% á milli áranna 2012 og 2013, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins sem birtar voru í september 2013. Þetta er ívið meiri hækkun en hækkun launavísitölu Hagstofunnar fyrir sama tímabil. Grunnlaun í VR hækkuðu um 7,5%. Launamunur kynjanna var óbreyttur, munur á heildarlaunum karla og kvenna í VR var 15,4% samkvæmt könnuninni en kynbundinn munur var 9,4%. Launakönnun VR var fyrst gerð meðal félagsmanna árið 1996 en hefur verið gerð nánast árlega frá árinu 1999.

# Önnur starfsemi

## Starfsmenntamál

Á árinu 2013 voru greiddar tæplega 184 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við 169 milljónir króna árið 2012. Umsóknir árið 2013 voru 6.241 frá 4.907 félagsmönnum samanborið við 6.040 umsóknir frá 4.730 félagsmönnum árið 2012.

Samþykktar hafa verið nýjar reglur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skifstofufólks sem miða að því að gera félagsmönnum með lægri laun kleyft að vinna sér inn réttindi hraðar. Samkvæmt eldri reglum sjóðsins eru réttindi félagsmanna til styrks tekjutengd og upphæð styrks fer eftir stigaeign. Nýjar reglur kveða á um að félagsmenn eigi rétt á 90.000 kr. styrk á ári og geti safnað allt að 270 þúsund krónum í styrk fyrir eitt samfellt nám, séu réttindin ekki nýtt í þrjú ár. Reglurnar taka gildi árið 2016 eftir tveggja ára aðlögunartímabil en á því tímabili geta félagsmenn valið hvort þeir nýti sér sjóðinn samkvæmt nýju eða gömlu reglunum. Á árinu 2013 fór Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) í stefnumótun til að greina starf sjóðsins og skerpa á hlutverki og framtíðarsýn hans. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar vinnu er hlutverk sjóðsins að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sem og auka virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum. Kynningarstarf sjóðsins verður eflt og hlutfall styrkja af greiddum iðgjöldum aukið. Staða sjóðsins er sterk, eigið fé árið 2012 var 445 milljónir króna.

### Starfsmenntanefnd VR

Haustið 2013 setti stjórn VR á laggirnar starfsmenntanefnd en markmið hennar er að efla framgang starsfmenntunar félagsmanna. Hlutverk nefndarinnar er að móta skýra stefnu og verkferla VR í starfsmenntamálum. Í nefndinni kjörtímabilið 2013 – 2014 sátu stjórnarmennirnir Fríður Birna Stefánsdóttir, sem er formaður nefndarinnar, Óskar Kristjánsson, Páll Örn Líndal, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir og Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir. Varamenn eru Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir stjórnarmaður og Eyrún Ingadóttir sem á sæti í trúnaðarráði.

Áherslur félagsins í starfsmenntamálum eru tilgreindar í kröfugerð og fela m.a. í sér að fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld, sammælist um að ljúka vinnu við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa, að í boði verði samfellt nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum og að áhersla verði lögð á að launafólk með stutta formlega menntun fái tækifæri til að fá reynslu sína metna í raunfærnimati.

## Stjórnir starfsmenntamála starfsárið 2013 - 2014

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Lísbet Einarsdóttir (SA) formaður, Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Fríður Birna Stefánsdóttir (VR), Ólafur Finnbogason (SA) og Teitur Lárusson (VR).

**Varamenn:** Gils Einarsson (LÍV), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR), Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA) og Hannes Sigurðsson (SA).

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Teitur Lárusson (VR), Margrét Guðmundsdóttir (FA), Almar Guðmundsson (FA) og Eiður Stefánsson (LÍV).

## Fyrirlestrar og námskeið

VR bauð upp á 16 fyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sátu þá rúmlega 500 félagsmenn. Meðal námskeiða voru starfslokanámskeið sérstaklega fyrir eldri félagsmenn og námskeiðið Að semja um launin. Þá voru haldin sjö námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn félagsins.

### Yfir tvö þúsund nemar fá fræðslu

Undanfarin ár hefur VR staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagasvæði VR. Alls voru haldnar 66 kynningar fyrir tæplega 2.200 nemendur á síðasta starfsári stjórnar. Hátt í tveir áratugir eru síðan VR kynnti fyrst grunnskólanemum réttindi og skyldur á vinnumarkaði, það var haustið 1996.

## Útgáfu- og kynningarmál

**VR blaðið** kom út 5 sinnum á starfsárinu, upplag hvers tölublaðs var 28 þúsund að meðaltali. Notendur heimasíðu félagsins voru að meðaltali rúmlega 16 þúsund á mánuði m.v. einkvæma talningu Google analytics vefmælingarkerfisins.

Tvær nýjar sjónvarpsauglýsingar voru sýndar á árinu, báðar í tengslum við Jafnlaunavottun VR. Þá stóð félagið fyrir átaki í desember þar sem fólk var hvatt til að sýna störfum verslunarmanna virðingu. Átakið fól m.a. í sér að um 1.500 barmmerkjum með ýmis konar hvatningarorðum var dreift til starfsmanna fjölda verslana á félagasvæði VR.

# Almennar upplýsingar

## Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Dagana 6. til 14. mars 2014 fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla vegna framboða til stjórnar félagsins kjörtímabilið 2014 - 2016.

